

Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur
Reykholahreppur, Strandabyggð
Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur,
Vesturbyggð

Ísafirði 16. maí 2017

- A. Breyting á dagskrá 62. Fjórðungspings Vestfirðinga, 24. maí 2017.
- B. Tillaga um breytingu á atkvæðavægi sveitarfélaga


Með vísan bréfs FV frá 19. apríl s.l. um boðun 62. Fjórðungspings Vestfirðinga, er hér með komið á framfæri breytingu á dagskrá þingsins. En stjórn FV fundaði um dagskrá þingsins þann 15. maí s.l. og samþykkti breytingu á dagskrá undir liðnum önnur mál.

- A. Dagskrá þingsins verði sem hér segir.
 - 1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
 - 2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
 - 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
 - 4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
 - 5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
 - 6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
 - 7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
 - 8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
 - 9. Önnur mál löglega fram borin
 - a. Breyting á samþykktum FV, 4. gr. Fulltrúar á Fjórðungspingi og atkvæðavægi
 - b. Innviðabylting á Vestfjörðum. Ásgeir Margeirsson, formaður stjórnar Vesturverks
 - c. Vestfjarðastofa. Vinnufundur um mótun framtíðarsýnar Vestfjarðastofa. Arnar Jónsson og Róbert Ragnarsson, Capacent.

Rétt er að vekja athygli á því að 4. og 5. liður dagskrár er ekki virkur á þessu þingi þar sem kosið var á 61. Fj.þingi samkvæmt 5. og 9. gr samþykktu.

Vegna breyttrar dagskrár eru þingslit áætluð um kl 17.00 og tekur þá við dagskrá sem skiplögð er í samvinnu við Bolungarvíkurkaupstað. Upplýsingar um efni þingsins verða birt á vef Fjórðungssambandsins á vefslóðinni http://vestfirdir.is/fjordungssambandid/62_fjordungsting_2017 . En þar verður einnig hægt að finna ársreikning fyrir árið 2016 og aðrar upplýsingar er varða þingið

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdarstjóri

B. Tillaga um breytingu á 4. gr samþykktá FV.

Núverandi grein er sem hér segir;

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungshping og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungshping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungshping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungshpingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 201-500 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 501-1000 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungshping.

Breytingar tillagan felur í sér breytingu á viðmiði íbúafjölda og vogtölu (feitlettað).

4. gr. Fulltrúar á Fjórðungshping og atkvæðavægi

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungshping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungshping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.

Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungshpingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 300 íbúa eða færri - Vogtala 3.0

Sveitarfélag með 301-600 íbúa - Vogtala 2.0

Sveitarfélag með 601-1200 íbúa - Vogtala 1.5

Sveitarfélag með fleiri en 1200 íbúa - Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa. Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungshping.